

Nd.

366. Nefndarálit

[108. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta var upphaflega flutt í Ed. og hlaut þar afgreiðslu án nokkurs ágreinings. Nefndin hefur athugað frv. og rætt á nokkrum fundum. Samkomulag var um þær breytingar á frv., sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Hins vegar kom til ágreinings um þá 18 ungersku flóttamenn, sem í frv. getur og íslensk stjórnvöld höfðu leyft landvist á árinu 1956 og dvalið hafa hér síðan.

Meiri hl. nefndarinnar fellst á, að flóttamenn þessir fái ríkisborgarétt hér, og er það í samræmi við tillögur dómsmálaráðuneytisins.

Minni hl. (GJóh) leggur hins vegar til, að umsóknir flóttamannanna verði ekki teknar til greina og þeir felldir brott úr frv. Skilar hann um þá till. sína séráliti.

Um þær reglur, sem að öðru leyti er fylgt, má vísa til nefndarálits allshn. Ed.

Alþingi, 9. marz 1963.

Einar Ingimundarson,
form.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.
Alfreð Gíslason.

Björn Fr. Björnsson,
frsm.